

|                          |            |
|--------------------------|------------|
| Bæjarskrifst. Garðabæjar |            |
| Mótt.dags.               | 20.08.2015 |
| Málalykill               | 04.0       |
| Mál nr.                  | 1508236    |



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 · 150 Reykjavík  
sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068  
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Barnaskóli Hjallastefnunar  
b.t. skólastjóra  
Vífilstaðavegur  
210 Garðabæ

Reykjavík 15. ágúst 2015  
Tilv.: MMR15010521/6.14.2-

Efni: Eftirfylgni með könnun á innleiðingu laga

Í í október 2014 fól mennta- og menningarmálaráðuneytið Attentus ehf. að gera könnun með skólastjóra grunnskóla um framkvæmd og innleiðingu laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í könnuninni var meðal annars spurt hvort stofnað hafi verið skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð við skólann. Samkvæmt gögnum könnunarinnar hefur ekki verið stofnað nemendafélag við Barnaskóla Hjallastefnunar í Garðabæ samanber 10. grein laga um grunnskóla þar sem segir að við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

Ráðuneytið óskar skýringa á því hvers vegna ekki hefur verið stofnað nemendafélag við skólann.

Einnig var í könnuninni spurt hvort allir nemendur skólans hafi aðgang að náms- og starfsráðgjafa. Samkvæmt gögnum könnunarinnar hafa ekki allir nemendur í Barnaskóla Hjallastefnunar í Garðabæ aðgang að náms- og starfsráðgjafa.

Ráðuneytið bendir á að samkvæmt 3. málsgrein 13. greinar grunnskólalaga eiga nemendur rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa og væntir þess að skólastjórnendur sjái til þess að frá og með skólaárinu 2015-2016 uppfylli skólinn þetta ákvæði laganna.

Þá var í könnuninni spurt hvort skólinn birti á vef sínum upplýsingar um skólanámskrá, starfsáætlun, áætlun um innra mat, niðurstöður innra mats og áætlun um umbætur í kjölfar innra mats. Samkvæmt gögnum könnunarinnar birtir Barnaskóli Hjallastefnunar í Garðabæ ekki allar eða einhverjar af þessum upplýsingum.

Ráðuneytið bendir á skyldur skóla til að birta þessar upplýsingar opinberlega samkvæmt lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla og reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 658/2009 og væntir þess að skólastjórnendur sjá til þess að þessar upplýsingar verði birtar á vef skólans eða með öðrum opinberum hætti.

Þess er vænst að umbeðnar upplýsingar berist ráðuneytinu fyrir 15. september 2015. Þá er einnig minnt á eftirlitsskyldu skólanefnda sveitarfélaga í þessum efnun.

Fyrir hönd ráðherra

  
Sigríður Lára Ásbergisdóttir

  
Asta María Reynisdóttir

Ljósrit: Bæjarstjóri og skólanefnd Garðabæjar